

Dæmi um póst sem sendur er ef nemendur í ákveðnum hópi lenda í smitgát

Kæru nemendur

Upp hefur komið staðfest COVID-19 smit í umhverfi ykkar í tilteknum áfanga og því hefur smitrakningarteymi sóttvarnalæknis og almannavarna ákveðið að þið þurfið að viðhafa **smitgát**. Þessi póstur á ekki við ef þú mættir ekki í skólann xxxdaginn xxx 2022. Smitrakningarteymið hefur núþegar haft samband við þá sem þurfa að fara í sóttkví.

Upplýsingar frá smitrakningarteyminu:

Þið þurfið að fara inn á smitgat.covid.is til þess að skrá ykkur í smitgát og fá strikamerki til að komast í hraðpróf, en þau eru tekin á fyrsta degi og fjórða degi.

Helstu leiðbeiningar varðandi smitgát:

Nemendur sem þurfa að fara í smitgát geta haldið áfram að mæta í skólann en verða að fara í tvö hraðpróf, á degi 1 og degi 4 eftir að smit greinist.

Ef einstaklingur greinist jákvæður í hraðprófi fær viðkomandi strikamerki og boðun í PCR próf. Smitrakning hefst ef niðurstaða PCR prófs er jákvæð en einstaklingurinn er í einangrun frá niðurstöðu hraðprófs.

Mikilvægt er að upplýsa aðra aðila um að þið séuð komin í smitgát.

Hagnýtar upplýsingar um smitgát, sóttkví o.fl. má nálgast inn á covid.is. og á [netspjalli covid.is](https://netspjalli.covid.is).

Þið getið að sjálfsögðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri.

Kær kveðja, stjórnendur MH.